



16. maí 2017
Tilv.: 1705033

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 10 maí sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, með síðari breytingum (úttektarheimildir), 505. mál.

Seðlabankinn átti ríkan þátt í samningu frumvarpsins og greinargerðarinnar með því. Bankinn telur því ekki tilefni til ítarlegrar umsagnar, en telur þó rétt að ítreka það sem fram kemur í greinargerðinni að um er að ræða ívlnandi breytingar á þeim takmörkunum sem í gildi eru samkvæmt lögum nr. 37/2016 og að breytingarnar stangast hvorki á við stjórnarskrá né alþjóðlegar skuldbindingar. Þvert á móti miða þær að því að samræma ákvæði laga nr. 37/2016 ákvæðum stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ísland er meðal stofnaðila sjóðsins og hefur undirgengist skilyrði stofnskrárinnar.

Með vísan til framangreinds styður Seðlabanki Íslands samþykkt frumvarpsins.

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Guðmundur Sigbergsson
starf. frkvstj. gjaldeyriseftirlits

S E Ð L A B A N K I Í S L A N D S

K A L K O F N S V E G I 1 · 1 0 1 R E Y K J A V Í K
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605